

## 12. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

12. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 27.mai kl. 20:00 í Bala. Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson.

Dagskrá fundarins:

1. Útboð á girðingum á afréttinum.
  - a. Auglýst var eftir verktaka til að taka að sér að girða á afréttinum. Tveir sóttu um verkið, en annar dró umsóknina til baka. Kolbeinn Sveinbjörnsson var ráðinn í verkefnið.
2. Tófuskyttur:
  - a. Auglýst var eftir tófuskyttum í ársbyrjun og voru fjórir sem létu vita af sér. Búið er að ráða tvo drengi í verkefni en það eru þeir Eggert Sigurbór Guðlaugsson og Jón Ingi Grímsson.
3. Fjallskil:
  - a. Farið var yfir tölur um vetrarfóðraðar ær í hreppnum samkvæmt skýrslu. Hægt verður að gefa út lista yfir hversu marga fjallmenn bændur þurfa að skaffa fyrir fjallferð þegar við vitum hverjir ætla að senda fé á fjall.
4. Grólinn, kortlagning beitalanda:
  - a. Landbúnaðarnefnd fékk erindi frá Umhverfisnefnd um skiptingu beitalanda innan Hrunamannahrepps.

Fundi slitið klukkan 22.15